

**Tillaga til þingsályktunar um siglingaleiðir
við norðan- og vestanvert Ísland**

Veðurstofa Íslands fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um siglingaleiðir við norðan- og vestanvert Ísland.

Veðurstofan vill koma eftirfarandi á framfæri:

Þótt dragi verulega úr hafis á norðurslóðum yfir sumarmánuðina, er samdráttur hans ekki jafnmikill á öðrum árstímum. Þannig hefur flatarmál ísbreiðunnar undanfarna áratugi minnkað um 2,7% á áratug, en að sumarlagi er samdrátturinn meiri eða 7,4% (IPCC 2007: Climate change - the Physical Science Basis). Á Grænlandshafi er samdrátturinn íssins hægari og spár um samdrátt í marsmánuði á þessu svæði benda til þess að hann geti orðið einungis um 10% á öld (Halldór Björnsson o.fl. 2008: Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi. Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar). Aukin skipaumferð um hafsvæðið norðan og vestan við landið þýðir að stórefla þarf hafisþjónustu á svæðinu. Bent skal á að Veðurstofa Íslands hefur lögð bundið hlutverk við að sinna öryggisvöktun á hafi í lögsögu Íslands, þ.á.m. að fylgjast með hafis umhverfis landið.

Aukin skipaumferð um hafsvæðið kallar á eflingu vöktunar á ýmsum veðurþáttum sem ógnað geta öryggi sjófarenda, sérstaklega sjólagi og ísingu. Athuga þarf þann möguleika að stækka vöktunarsvæði Veðurstofunnar og gefa út sjóveðurspár í hærri upplausn, ekki síst næst landi.

Hið framleiðsluríka en viðkvæma lífkerfi í sjónum umhverfis Ísland byggir á því að hér eru mörk kaldra og hlýrra hafstrauma. Kaldur næringarefnaþrákur sjór úr norðri mætir heitum og lífríkum Golfstraumnum sem byggir grunn að öflugum lífríki í sjónum í kringum landið. Það er því afar mikilvægt að vernda þessi hafsvæði og stuðla að hárréttum viðbrögðum þegar og ef mengunarslys verður á þessum slóðum. Til þess að geta metið alvarleika mögulegrar mengunar og sett fram raunhæfar og framsýnar viðbragðsáætlanir telur Veðurstofan æskilegt að gerðar séu ítarlegar mælingar á hafstraumum og sjólagi við mismunandi skilyrði og með hliðsjón af mismunandi efna- og eðliseiginleikum þeirra mengunarefna sem líkleg eru til að valda alvarlegum skaða fyrir lífríki og umhverfi í kringum landið. Í ljósi þeirra gagna verði útbúið straumfræðilegt líkan fyrir hinar ólíku aðstæður og það nýtt til að gera vandaða og raunhæfa viðbragðs- og verkáætlun sem miðast við aðstæður hverju sinni.

Í greinargerð með tillögunni er ranglega sagt að hlýnun sjávar hafi m.a. haft í för með sér að siglingaleiðin milli Kyrrahafs og Atlantshafs um Norður-Íshaf hafi opnast, a.m.k. að hluta til. Rétt er að hlýnun sjávar mun m.a. hafa í för með sér að siglingaleiðin milli Kyrrahafs og Atlantshafs um Norður-Íshaf muni opnast að einhverju leyti.